

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um strandveiðar árið 2018.

Frá Ingu Sæland.

1. Hver var heildarviðmiðun afla og veiddur heildarafla í tonnum í strandveiðum árið 2018?
2. Hvernig skiptist heildaraflinn í þorsk, ufsa, karfa, ýsu, steinbít og annað talið í prósentum og tonnum? Tölur óskast eftir svæðum og fyrir landið allt.
3. Hver var fjöldi landana á svæðum A–D?
4. Hvert var hlutfall svæða A–D af heildarviðmiði?
5. Hver var fjöldi báta á strandveiðum á svæðum A–D og samtals á landinu öllu?
6. Hver var hlutfallsleg skipting bátagerða, þ.e. smábáta í aflamarki, krókaafلامarki og báta eingöngu á strandveiðum?
7. Hver var heildarumframafla í þorski „yfir skammt“ í tonnum? Hversu hátt hlutfall var þetta af heildarkvóta? Hvert var hlutfall þessara tilvika í heildarfjölda landana? Hversu há upphæð var innheimt í ríkissjóð vegna umframafla?
8. Hvert var heildaraflaverðmæti strandveiða þorsks, ufsa, karfa og ýsu eftir svæðum og samtals? Hver voru meðalverðmæti þessara tegunda í strandveiðunum á öllu landinu og skipt eftir svæðum?
9. Hversu mikið af heildarafla af strandveiðum var selt í gegnum fiskmarkaði?
10. Hversu mikið af heildarafla af strandveiðum var selt til fiskvinnslu samkvæmt samningi um byggðakvóta á hverju veiðisvæði A–D? Svar óskast sundurliðað sem almennur byggðakvóti og byggðakvóti Byggðastofnunar.

Skriflegt svar óskast.